

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1976

10. september 1976.

299

Nr. 99.

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1976.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 10. september 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

22. september 1976.

Nr. 100.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 21. september 1976 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 7617. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Felldar eru úr gildi eftirfarandi greinar:

51. gr. b. töluliður 1, 52. gr. töluliður 1 og 85. gr. 4. málsg.

Í stað þeirra kemur ný grein í upphafi V. kafla, 39. gr. a., sem hljóðar svo:

39. gr. a.

Heimspekileg forspjallsvísindi skulu vera hluti af námi allra stúdenta, annarra en þeirra, sem stunda nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta, og ber deildum að taka tillit til þess á námsskrám sínum. Er stúdentum skylt að hafa lokið prófi í greininni áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.